

## **Tillaga að ráðgefandi faghópi fyrir styrki til myndrýkrar útgáfu/ miðlunar 2018:**

- Sif Gunnarsdóttir skrifstofustjóri menningarmála frá 1. apríl 2018.
- Kristín Hauksdóttir verkefnastjóri á Ljósmyndasafni Reykjavíkur, Borgarsögusafni
- Helga Maureen Gylfadóttir verkefnastjóri, Borgarsögusafni

Lagt fyrir fund menningar- og ferðamálaráðs 12. mars 2018

---

Úr verklagsreglum um úthlutun styrkja og samstarfssamninga menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkurborgar 2018:

### **Styrkir fyrir sérstaklega myndrýka miðlun/útgáfu tengda sögu og menningu í Reykjavík.**

Þeir eru ætlaðir til niðurgreiðslu á kostnaði vegna kaupa á ljósmyndum frá Ljósmyndasafni Reykjavíkur. Tilgangur styrkveitinganna er að hlúa að varðveislu menningararfleifðar Reykjavíkur og miðlunar hennar í fjölbreyttu formi. Þeir styrkir eru auglýstir sérstaklega að vori. Hópur skipaður þremur sérfræðingum á Menningar- og ferðamálasviði fer yfir umsóknir og gerir tillögu til menningar- og ferðamálaráðs.

---

Auglýsing til birtingar 10.mars 2018:

### **Styrkir fyrir sérstaklega myndrýka miðlun/útgáfu tengda sögu og menningu í Reykjavík**

Styrkirnir eru ætlaðir til niðurgreiðslu á kostnaði vegna kaupa á ljósmyndum til birtingar frá Ljósmyndasafni Reykjavíkur. Styrkirnir eru vegna útgáfu bóka og/eða annars efnis sem kemur út á árinu 2018 eða í ársbyrjun 2019. Tilgangur styrkveitinganna er að hlúa að varðveislu menningararfleifðar Reykjavíkur og hvetja til miðlunar sögu hennar. Hópur skipaður þremur sérfræðingum á Menningar- og ferðamálasviði fer yfir umsóknir og gerir tillögu til menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkurborgar.

Í umsókn komi fram nauðsynlegar upplýsingar um umsækjanda ásamt lýsingu á fyrirhugaðri útgáfu og verðáætlun Ljósmyndasafns Reykjavíkur vegna afgreiðslu ljósmynda í höfundarétti sem bera birtingagjald skv. gjaldskrá safnsins.

Umsókn merkt „Myndrýk miðlun/útgáfa“ berist á netfangið [menning@reykjavik.is](mailto:menning@reykjavik.is). Umsóknir berist í síðasta lagi í dagslok fimmtudaginn 2. maí.